

SAMKOMULAG

um starfsemi lánatryggingasjóðs kvenna.

Með vísan til stofnsamnings um lánatryggingasjóð kvenna frá 7. apríl 1997 gera velferðarráðuneytið, iðnaðarráðuneytið og Reykjavíkurborg með sér eftirfarandi samkomulag um starfsemi lánatryggingasjóðs kvenna.

1. gr.

Hlutverk og áherslur

Hlutverk lánatryggingasjóðs kvenna er að styðja konur til þátttöku í atvinnulífinu með því að veita ábyrgðir á lánnum samkvæmt samþykktum og lánareglum sjóðsins ásamt því að tryggja að ráðgjöf og handleiðsla verði tengd veitingu ábyrgða úr sjóðnum.

Áherslur sjóðsins eru eftirfarandi:

- Að styðja við bakið á konum sem eiga og reka smærri fyrirtæki.
- Að stuðla að því að auka hlut kvenna sem eigendur og stjórnendur fyrirtækja.
- Að auka aðgengi kvenna að fjármagni til fyrirtækjareksturs.
- Að fjölga störfum og stuðla að nýnæmi í atvinnulífi.
- Að veita ráðgjöf og stuðning við konur sem fá lán og gefa þeim kost á handleiðslu og stuðningi.
- Að hvetja jaðarhópa kvenna til þátttöku í atvinnulífinu, svo sem innflytjendur.

2. gr.

Stjórn

Stjórn lánatryggingasjóðs kvenna er í höndum þriggja manna stjórnar sem velferðarráðherra skipar til þriggja ára í senn. Velferðarráðherra skipar stjórnarformann og atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og Reykjavíkurborg tilnefna einn fulltrúa hvort.

3. gr.

Hlutverk stjórnar

Verkefni stjórnar er að móta lánareglur lánatryggingasjóðs kvenna í samráði við stofnaðila sjóðsins.

4. gr.

Fjármunir og ábyrgð


Ábyrgð stofnaðila er bundin við stofnfé sjóðsins eins og það er á hverjum tíma. Fjármunir sjóðsins við undirskrift samkomulags þessa eru 67.397.491 krónur.

5. gr.
Gildistími


Samkomulag þetta gildir fyrir tímabilið 1.janúar 2015 til 31. desember 2018. Fyrir 1. júní 2018 skal tekin ákvörðun um framhald starfsemi lánatryggingasjóðs kvenna.

Reykjavík

09.06.2015



f.h. velferðarráðuneytis



f.h. iðnaðarráðuneytis



f.h. Reykjavíkurborgar